

Afleiðuviðskipti til áhættuvarna

Seðlabanki Íslands telur nú forsendur til að veita tiltekna undanþágur frá lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, gegn umsókn þar að lútandi vegna afleiðuviðskipta til varanlegra áhættuvarna. Breyting þessi á framkvæmd markar áfanga í átt að fullri losun fjármagnshafta. Nánar tiltekið er um að ræða undanþágur sem geta dregið úr gjaldeyrisáhættu tengdri beinni fjárfestingu innlendra aðila erlendis og erlendra aðila hér á landi. Jafnframt er fyrirtækjum gert kleift að leiðrétta gjaldeyrisjökfnuð á efnahagsreikningi sínum. Markmiðið með breytingunni er að meta nauðsyn og vilja fyrirtækja til áhættuvarna á næstu misserum og undirbúa fulla losun fjármagnshafta. Undanþágur þessar eru sömuleiðis til þess fallnar að draga úr áhættu fyrirtækja í rekstri, að hafa jákvæð áhrif á kjör og láns hæfi þeirra. Ekki verða að sinni veittar undanþágur vegna afleiðuviðskipta til spákaupmennsku. Þess háttar viðskipti eru aftar í forgangsröðinni við losun fjármagnshafta.

Framangreindar undanþágur um afleiðuviðskipti til áhættuvarna skiptast í eftirfarandi flokka:

Efnahagsvarnir vegna skulda innlendra fyrirtækja í atvinnurekstri

Fyrirhugað er að fallast á umsóknir innlendra fyrirtækja í atvinnurekstri um undanþágu til að eiga afleiðuviðskipti við fjármálafyrirtæki hér á landi, þar sem innlendir gjaldeyrir er í samningi gagnvart erlendum gjaldeyri, til að verja skilgreinda gjalddaga og vaxtagjalddaga skuldbindinga viðkomandi félags fram í tímann þannig að myntsamsetning endurspegli betur efnahagsreikning og tekjur félagsins, að því marki sem nauðsynlegt er til að leiðrétta gjaldeyrisjökfnuð félagsins. Markmið með veitingu undanþága til framangreindra viðskipta er að veita innlendum fyrirtækjum í atvinnurekstri möguleika á að draga úr fjárhagslegri og efnahagslegri óvissu sem getur að öðru leyti haft neikvæð áhrif á rekstrarforsendur, kjör og/eða láns hæfismat fyrirtækjanna.

Um er að ræða varnir til lengri tíma sem væru, nema um verulegan forsendubrest yrði að ræða, varanlegar yfir tilgreindan tíma, eða þar til takmarkanir fjármagnshafta væru ekki lengur við lýði. Ef um verulegar fjárhæðir eru að ræða getur Seðlabankinn gert kröfu um að viðskiptum sé dreift með tilteknum hætti.

Eftirfarandi gögn þurfa að liggja fyrir við afgreiðslu á beiðni um undanþágu:

- Nýjasti ársreikningur umsækjanda.
- Upplýsingar og viðeigandi gögn um gjaldeyrisjökfnuð umsækjanda og þau atriði sem þarf að taka tillit til í því samhengi, spá um þróun hans ef breytingar eru væntanlegar og þá hagsmuni sem umsækjandi hefur af því að fá veitta umbeðna undanþágu.
- Lýsing á þeim afleiðusamningum sem fyrirhugað er að gera til að verja gjaldeyrisjökfnuð, n.t.t. formi, fjárhæð, og tímalengd viðskipta sem væri í samhengi við núverandi gjaldeyrisjökfnuð félagsins og væntingar um þróun hans.
- Yfirlýsing stjórnar um að afleiðusamningum sem gerðir eru á grundvelli veittar undanþágu verði ekki lokað eða þeir framseldir beint eða óbeint til þriðja aðila sem myndar að öðru leyti framsal á þessari heimild á meðan takmarkanir vara

Greiðsluflæði vegna beinnar fjárfestingar

Við kaup á erlendu fyrirtæki eða sölu á innlendu fyrirtæki til erlends aðila, þar sem um er að ræða verulega hlutdeild í félagi í atvinnurekstri, geta greiðslur sem samið er um í erlendri mynt dregist yfir

lengri tíma. Gengisbreytingar geta að vissu leyti breytt forsendum viðskipta eða torveldað að unnt sé að semja um þær.

Með vísan til framangreinds er Seðlabankinn reiðubúinn að fallast á umsóknir um undanþágu til að eiga í afleiðuviðskiptum við fjármálafyrirtæki hér á landi, þar sem innlendir gjaldeyrir er í samningi gagnvart erlendum gjaldeyri, til að verja vænt greiðsluflæði vegna beinnar fjárfestingar. Í því felst að innlendum aðila er veitt heimild til að selja erlendan gjaldeyri framvirkt, sem hann væntir vegna sölu á beinni fjárfestingu erlendis, eða kaupa erlendan gjaldeyri framvirkt vegna greiðslu kaupverðs við fjárfestingu sem telst bein fjárfesting erlendis skv. 7. tölul. 2. mgr. 13. gr. b. laga um gjaldeyrismál. Jafnframt felst í því að erlendum aðila yrði heimilað að selja erlendan gjaldeyri framvirkt vegna fjárfestingar sem teldist bein fjárfesting hér á landi og væri gerð með nýju innstreymi erlends gjaldeyris sbr. 13. gr. m. laga um gjaldeyrismál, eða kaupa erlendan gjaldeyri framvirkt, sem hann vænti vegna sölu á beinni fjárfestingu hér á landi sem teldist nýfjárfesting skv. 13. gr. m. laga um gjaldeyrismál. Rétt er að árétta að framangreint á ekki við um fjárfestingu í eignarhalds- eða fjárfestingarfélagi.

Eftirfarandi gögn þurfa að liggja fyrir við veitingu undanþágu:

- Afrit af samningum sem liggja til grundvallar beinum fjárfestingum, þar sem greiðsluflæði er skilgreint og aðrar forsendur greiðslna yfir samningstíma.
- Upplýsingar sem staðfesta að um beina fjárfestingu og félag í atvinnurekstri er að ræða.
- Upplýsingar um gjaldeyrisjöfnuð umsækjanda og þá hagsmuni sem umsækjandi hefur af því að fá veitta umbeðna undanþágu.
- Upplýsingar um fyrirhugaða afleiðusamninga sem umsækjandi hyggst gera í þeim tilgangi að verja viðskiptin og að hvaða marki í samhengi við samning um beina fjárfestingu.
- Yfirlýsing umsækjanda eða stjórnar félags eða aðila um að afleiðusamningum sem gerðir eru á grundvelli veittrar undanþágu verði ekki lokað eða þeir framseldir beint eða óbeint til þriðja aðila sem myndar að öðru leyti framsal á heimildinni á meðan takmarkanir vara.

Nýfjárfesting í innlendum fyrirtækjum í atvinnurekstri

Með fjárfestingu í fyrirtækjum í rekstri hér á landi geta erlendir aðilar haft áhuga á því að fjárfesta í rekstri innlendra fyrirtækja. Hinsvegar getur áhætta sem felst í gengisflökki íslensku krónunnar gagnvart uppgjörsmynd fjárfesta komið í veg fyrir slíkar fjárfestingar.

Fyrirhugað er að fallast á umsóknir um undanþágur til að eiga afleiðuviðskipti við fjármálafyrirtæki hér á landi, þar sem innlendir gjaldeyrir er í samningi gagnvart erlendum gjaldeyri, til að verja nýfjárfestingu skv. 13. gr. m. laga um gjaldeyrismál í fyrirtækjum í atvinnurekstri, sem gerð er frá og með 27. febrúar 2017, fyrir gengisáhættu. Í því felst að innlendum eða erlendum aðila, sem hygðist fjárfesta í innlendu fyrirtæki í atvinnurekstri, t.d. hlutabréfum slíks félags, sem tekin hefðu verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, yrði heimilað að koma við gjaldeyrisvörnum, hvort sem er samhliða fjárfestingunni eða eftir á. Markmiðið er að heimila erlendum aðilum sem nýfjárfesta í fyrirtækjum í atvinnurekstri hér á landi að verja þá fjárfestingu þannig að gjaldeyrisáhætta endurspegli betur grunnmynt fjárfestis, þar sem ljóst er að fjárfestingin ber umtalsverða gengisáhættu í íslenskum krónum.

Eftirfarandi gögn þurfa að liggja fyrir við veitingu undanþágu:

- Upplýsingar um eignir sem umsækjandi fyrirhugar að verja.
- Upplýsingar um gjaldeyrisjöfnuð umsækjanda og þá hagsmuni sem umsækjandi hefur af því að fá veitta umbeðna undanþágu.

- Afrit af samningum sem liggja til grundvallar nýfjárfestingu í fyrirtæki í atvinnurekstri hér á landi.
- Upplýsingar um með hvaða hætti umsækjandi fyrirhugar að gera varnir og að hvaða marki.
- Yfirlýsing stjórnar eða aðila um að samningum verði ekki lokað eða þeir framseldir beint eða óbeint til þriðja aðila sem myndar að öðru leyti framsal á heimildinni á meðan takmarkanir vara.

Rekstrarvarnir innlendra fyrirtækja í atvinnurekstri

Rétt er að geta þess að Seðlabankinn hefur fallist á undanþágu um rekstrarvarnir innlendra fyrirtækja í atvinnurekstri. Nánar tiltekið hefur Seðlabanki Íslands hefur fallist á beiðnir um undanþágu fyrir gerð framvirkra samninga um sölu/kaup á erlendum gjaldeyri á grundvelli áætlunar um vöru- og þjónustuviðskipti í framtíð í ákveðnum tilvikum.

Skilyrði fyrir veitingu undanþágu

Grundvallarforsenda fyrir veitingu undanþágu til áhættuvarna samkvæmt framangreindu er að umsækjandi hyggist leiðréttu gjaldeyrisóðfnum og að umfang fyrirhugaðra varna verði ekki umfram það sem gjaldeyrisóðfnum félagsins gefur tilefni til.

Undanþágu vegna afleiðuviðskipta til varanlegra áhættuvarna eru í öllum tilvikum bundnar skilyrðum, s.s. um tímalengdir, hlutfall varnar, tímasetningar varna og upplýsingagjöf til Seðlabankans. Slíkum skilyrðum er meðal annars ætlað að tryggja að afleiðuviðskiptin verði raunverulega gerð til að verjast gjaldeyrisáhættu, en ekki til stöðutöku með eða á móti íslensku krónunni.

Rétt er að taka fram í þessu sambandi að fjármálafyrirtækjum er skylt að láta athuga gaumgæfilega öll viðskipti og fyrirhuguð viðskipti þar sem grunur leikur á að viðskiptin brjóti gegn ákvæðum laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, og reglum settum á grundvelli þeirra og tilkynna Seðlabanka Íslands þegar í stað um slík viðskipti, sbr. 2. mgr. 15. gr. g. laganna. Þá segir í sömu málsgrein að kanna skuli bakgrunn og tilgang slíkra viðskipta að því marki sem unnt er.

Bresti forsendur undanþágu í veigamiklum atriðum eða brjóti umsækjandi gegn tilgreindum skilyrðum hennar gæti komið til álita að afturkalla þegar veitta undanþágu eða að vísa slíkum málum til rannsóknar, allt eftir því hvernig málefnum er háttáð hverju sinni. Þá kann röng eða villandi upplýsingagjöf til stjórnvalds að varða við almenn hegningarlög nr. 19/1940.